

## Skeiða- og Gnúpverjarhreppi 15/11 2020

Til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

### **Varðar bókun sveitarstjórnar, skjalnr. 8312.**

Nefnd um framtíð félagsheimilisins Árness ítrekar þá fyrirætlun sína varðandi framtíð félagsheimilisins að kalla til fundar eða málþing um framtíð hússins. Á þessu málþingi er ætlan nefndarinnar að gera svokallaða SVÓT-greiningu og vinna sínar tillögur að framtíðarsýn Árness út frá þeim niðurstöðum. Sú framtíðarsýn verður send til sveitarstjórnar til umfjöllunar, óháð því hvort sveitarstjórn hefur leigt út starfsemi félagsheimilis, tjaldsvæðis og gistiheimilis (eins og óskað hefur verið eftir).

Þar sem aðstæður í samfélaginu hafa ekki gefið tækifæri til að halda umrætt málþing, liggur ekki fyrir framtíðarsýn nefndarinnar og telur nefndin því ekki ástæðu til þess að nefndin fjalli sérstaklega um það hvort fyrirhuguð útleiga samrýmist framtíðarsýn Árness eða ekki.

Nefndin fagnar því hinsvegar að áhugi sé á auknum rekstri í Árnesi samhliða rekstri tjaldsvæðis og gistiheimilis enda hefur nefndin áður ályktað sem svo að rekstur félagsheimilislins fari vel saman með rekstri gistiheimilisins Nónsteins og tjaldsvæðis.

Með vinsemd og virðingu  
Nefnd um framtíð Árness.  
Anna Kr. Ásmundsdóttir  
Anna Björk Hjaltadóttir  
Eybór Brynjólfsson  
Hannes Einarsson  
Hrönn Jónsdóttir.